

## **14. Fundargerð Ungmennaráðs Skeiða- og Gnúpverjahrepps**

**Haldinn:** Fjarfundur

**Dagsetning:** 30/11/2020

**Tími:** 18:30-19:00

**Mætt:** Ástráður Unnar Sigurðsson, Iðunn Ósk Jónsdóttir, Matthías Bjarnason, Guðmundur Heiðar Ágústsson, Freyja Margrét Vilhjálmsdóttir

### **Dagskrá Fundar:**

#### **1. Dagskrá síðasta fundar og athugasemd við fundarboð**

Fundargerð samþykkt og engar athugasemdir við fundarboð

#### **2. Breyting á meðlimum Ungmennaráðs**

Veturinn 2019 fann ungmennaráð einstaklinga sem voru tilbúnir að taka að sér starf í næsta ungmennaráði Skeiða- og Gnúpverjahrepps á tímabilinu 2020-2022. Ákveðið var að auglýsa í stöður ungmennaráðs á opinberum vettvangi og bjóða þeim sem að höfðu áhuga á að sækja um þar. Þær umsóknir sem berast verða sendar til sveitarstjórnar og tekur hún viðeigandi ákvarðanir um þær.

#### **3. Erindisbréf Ungmennaráðs**

Erindisbréf ungmennaráðs mun taka breytingum þegar næsta ráð verður komið til starfa. Umræða skapaðist um nokkra liði og ákveðið var að ræða það nánar á fundi með næsta ungmennaráði. Gæta verður að lýðræðislegri ákvarðanatöku og að ungmennaráð geti verið afkastamikil og áhrifaríkt.

#### **4. Samantekt Ungmennaráðs 2020**

Starfsemi ungmennaráðs frá stofnun var tekin saman, Iðunn tekur að sér yfirferð.

### **Fundi slitið**

19:00